

Nd.

775. Nefndarálit

um frv. til víxillaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Víxlar og tékkar eru mjög notaðir sem gjaldmiðill í millilandaviðskiptum. Fyrir því hafa menn fundið þörf á því að samræma víxil- og tékkalög, einkum þeirra landa, sem mest hafa viðskipti. Loks gerðu 22 ríki samþykkt um það sín á milli í Geneve 7. júní 1930, að samræma víxil- og tékkalög sín. Ísland tók ekki þátt í þessari samþykkt, en er nú boðið að vera með í samþykkt þessari. Virðist auðsætt að taka þessu boði, ekki sízt þar sem önnur Norðurlönd hafa þegar gert það.

Til þess að ganga inn í það þjóðasamband í þessu efni, sem stofnað var 1930, verður að gera ýmsar breytingar á núgildandi vixil- og tékkalögum. Þær breytingar, sem gera verður á nefndum lögum, eru þó ekki svo gagngerðar í grundvallaratriðum, að þær kollvarpi því fyrirkomulagi, sem áður var byggt á.

Skal drepið á helztu frávikningar og nýmæli þessa frv. frá vixillögunum frá 1882. Þar sem talað er um vixillög, er átt við núgildandi lög um víxla.

1. *Um vistun víxla:* Vixill. telja ekki þann vixil vistaðan, sem greiðast á hjá þriðja manni, ef greiðslustaðurinn er í sama bæ eða þinghá og greiðandi býr í.

Með frv. eru allir víxlar, sem greiðast eiga þriðja manni, taldir vistaðir víxlar.

2. *Vextir af víxlum:* Samkv. vixill. er ekki heimilt að setja ákvæði um vaxta-greiðslu í vixilinn. Með frv. er þetta heimilað, ef vixill á að greiðast við sýningu eða tiltekinn tíma eftir sýningu.
3. *Fjárhæð vixils:* Nú er það svo, að lægsta fjárhæð tilgreind í vixli hefir gildi.

Frv. inniheldur það ákvæði, að sú fjárhæð, sem skrifuð er með bókstöfum, hefir ein gildi, og þá hin lægsta fjárhæð, ef fleiri eru skrifaðar með bókstöfum.

4. *Afsögn vixils:* Hingað til hefir það verið talið öruggara að afsegja vixil vegna greiðslutalis (de non solutione), þó sami vixill hafi áður verið afsagður vegna samþykkisskort (de non acceptatione). Eftir frv. verður ekki nauðsynlegt að afsegja vixil vegna greiðsluskorts, ef hann áður er afsagður vegna samþykkisskorts. Samkv. vixill. gátu tveir órækir vottar framkvæmt vixilafsögn, ef ekki náðist í notarius.

Frv. gerir ráð fyrir, að þessu sé sleppt, en í stað þess geti hreppstjóri, eða stefnuvottur, framkvæmt afsögn, en senda skulu þeir staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til innfærslu í notarialbók.

5. *Sýning víxla:* Sé vixill eigi sýndur til samþykkis innan þess frests, sem útgefandi ákveður, þá glatast vixilrétturinn samkv. ákvæðum frv.

Greiðandi getur og krafizt þess, að vixill sé sýndur sér næsta dag eftir fyrstu sýningu.

6. *Fyrningarfrestir* eru lengdir, og kveður frv. svo á, að fyrningarfrestur gagnvart útgefanda verði eitt ár að því er kröfu vixilhafa snertir, en fullnustukröfur framseljanda á hendur útgefanda eða öðrum framseljendum fyrnist á sex mánuðum frá því framseljandi leysti vixilinn til sín.
7. *Ábyrgð á samþykki:* Skv. frv. er gert ráð fyrir, að útgefandi geti undanþegið sig ábyrgð á samþykki vixils.

8. *Umboð til áritunar:* Í vixill. eru engin ákvæði um þetta efni, en í frv. eru ákvæði um, að sá, sem ritar nafn sitt á vixil fyrir hönd annars manns, en hefir ekki umboð til þess, verði sjálfur skuldbundinn eftir vixlinum. Fari maður út fyrir umboð sitt, skuldbindur hann sjálfan sig á sama hátt.

— Þá er þetta meðal nýmæla í frumvarpinu:

- a. Að umboð, sem felst í framsali til umboðs, fellur ekki úr gildi, þótt um-þjóðandi andist eða sé sviptur fjárræði.

- b. Að framsal, sem ritað er eftir gjalddaga vixils, hefir sömu áhrif og framsal ritað fyrir gjalddaga. Ef framsal er ódagsett, skal það talið ritað fyrir gjalddaga, nema annað sannist.
- c. Að útgefandi geti kveðið svo á í vixli, að sýna skuli hann til samþykkis, sett frest til samþykkis og einnig að vixill sé ekki sýndur til samþykkis fyrir tiltekinn tíma.

Þetta nær þó ekki til vixla, sem greiðast eiga hjá þriðja manni eða á öðrum stað en greiðandi býr.

- d. Að samþykkjandi getur takmarkað samþykki sitt við hluta af vixilfjárhæðinni.
- e. Að greiðandi getur skotið sér undan ábyrgð þeirri, er samþykkt vixils fylgir, ef hann strikar samþykkið út áður en hann skilar vixlinum, enda sannist ekki, að hann hafi skýrt vixilhafa frá samþykki sínu.
- f. Sé fjárhæð vixils greind í mynteiningu, sem hefir sama nafn en mismunandi gildi í landi því, sem vixill er gefinn út í, og landi því, er hann á að greiðast í, skal talið, að hann eigi að greiðast í mynt greiðslustaðarins, nema annað sannist.
- g. Heimilt er að leita fullnustu fyrir vixilskuld hjá útgefanda, ef bú hans er tekið til skiptameðferðar eða til nauðasamninga, þó vixill sé ekki fallinn í gjalddaga, ef útgefandi hefir hannað sýningu vixils.

Hjá greiðanda má ávallt leita fullnustu fyrir vixilskuld, þó vixill sé ekki fallinn í gjalddaga, ef bú greiðanda er tekið til skipta eða nauðasamninga.

- h. Ákvæði 71. gr. 2. og 3. málsg. frv. um slit fyrningar erlendis eru og nýmæli.

Að öðru leyti virðist ekki ástæða til að gera grein fyrir þeim breytingum, sem frv. gerir á vixillögunum frá 1882, í nefndaráriti.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 38. gr. 1. mgr. Fyrir „við sýningu“ kemur: eftir sýningu.
2. Við 41. gr.
 - a. Fyrir „fyrirmæli“ í 3. mgr. kemur: fyrirvari.
 - b. Fyrir „eru líkur fyrir því“ í 4. mgr. kemur: skal líta svo á.
3. Við 67. gr. Fyrir „með sömu áhrifum“ í 3. mgr. kemur: með sama hætti og sömu áhrifum.
4. Við 71. gr. Á eftir orðunum „erlendum dómstóli“ í 2. mgr. kemur komma.
5. Við 72. gr. Á eftir „löghelgan dag“ í 1. mgr. kemur: eða bankafrídag.
6. Við 78. gr. Fyrir „sýningarfresturinn“ í 2. mgr. kemur: fresturinn frá sýningu.

Alþingi, 22. maí 1933.

H. Stefánsson,
form.

Ólafur Thors.

Hannes Jónsson.

Bernh. Stefánsson.

Jón A. Jónsson,
fundaskrif., frsm.